

Mál nr. 232/2006

M og

Vátryggingafélagið h.f. (V) v frjálsrar ábyrgðartryggingar R

Tjón varð á bifreið við leikskóla þ. 30.6.2005

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.11.2006 ásamt bréfi dags. 6.11.2006.
2. Niðurstaða tjónanefndar 712/05
3. Bréf V dags.28.11.2006.
4. Lögregluskýrsla dags. 8.8. 2005
5. Bréf leikskólastjóra K dags. 18.10.2005

Málsatvik.

Umrætt atvik er sagt hafa átt sér stað þ.30.6.2005 og gaf M skýrslu hjá lögreglu þ. 8.8. 2005 og sagði að bifreið sín hefði orðið fyrir spjöllum á tímabilinu frá hádegi og til kl. 17.10 umræddan dag. M segist hafa komið á bifreið sinni til vinnu og lagt henni á bifreiðastæði rétt við leikvöll barna og þegar hún hafi komið að henni aftur eftir vinnu hafi hún séð að sandi og möl hafi verið ausið á bifreiðina og hún orðið fyrir skemmdum. M telur augljóst að börn í leikskólanum hafi ausið sandi og möl yfir bifreið hennar. M segir að bílastæði starfsmanna séu ekki vel staðsett en starfsmenn fylgist að öðru jöfnu með börnunum á leikskólanum. Leikskólastjórinn segir í bréfi að tveir drengir hafi hent sandi og grjóti yfir bifreið M og hafi helmingur starfsfólks verið í fríi og að öðru leyti recur leikskjólástjórinn starfsmannavandamál skólans og segir að hún hafi verið búin að biðja um að þessu leyniskoti bak við dótaskúrinn eins og hún nefnir það verði lokað. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið sýnt fram á að starfsmenn leikskólans hafi sýnt af sér gáleysi við gæslu leikskólabarna í umrætt sinn. Þá bendir V á að M hafi sjálf verið starfsmaður leikskólans þegar atvikið gerðist og beri þá eigin sök á tjóninu verði talið að um gáleysi starfsmanna hafi verið að ræða. Þá bendir V á að ekkert hafi komið fram um að neitt óvenjulegt hafi verið við starfsemi skólans þegar þetta gerðist.

Álit.

M var starfsmaður leikskólans þegar sá atburður gerðist sem hér ræðir um. M átti því að gera sér góða grein fyrir öllum aðstæðum og þeim hættum sem gátu falist í því að leggja bifreið sinni þar sem hún lagði henni. Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn leikskólans hafi í umrætt sinn sýnt af sér gáleysi eða hagað störfum sínum að öðru leyti með þeim hætti að leiði til skaðbótaskyldu. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík. 15.12.2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.